

Verkfall hafið í leikskólanum Óskalandi



Ótímabundið verkfall er hafið í leikskólanum Óskalandi í Hveragerði. Hann er eini skólinn á Suðurlandi sem er í verkfalli. Verkföll eru í fjórtán leikskólum í ellefu sveitarfélögum. Tímabundin verkföll eru í sjö grunnskólum.

Ljóst var að verkföll yrðu eftir að samningfundi í Karp-húsinu lauk um tíu leytið sunnudagskvöldið 2. febrúar án niðurstöðu. Ríkissáttasemjari hafði lagt fram innanhússtíllögu í lok síðustu viku sem samninga-nefndir sveitarfélaga- og ríkis höfðu samþykkt fyrir sitt leyti. Kennarar voru hinsvegar ekki sáttir og vildu gera ákveðnar breytingar á tillögunni sem ekki náðist sátt um.

Á heimasíðu KÍ er haft eftir Magnúsi Þór Jónssyni formanni Kennarasambandsins að það séu kennurum mikil vonbrigði að aðilar hafi ekki náð að klára verkefnið og þar með

forða verkföllum. „Við gerðum allt sem í okkar valdi stóð til að ná samningum en allt kom fyrir ekki. Nú stöndum við öll saman. Áfram KÍ,“ segir Magnús Þór.

Gunnvör Kolbeinsdóttir, leikskólastjóri Óskalands segir í samtali við Dagskrána að starfsmenn séu stressaðir yfir því að verkfallið verði langvarandi. 16 starfsmenn leikskólans eru í verkfalli. Aðrir starfsmenn, sem eru um 25 talsins, mæta til vinnu og sinna alls konar verkefnum. „Við erum bara með samvinnu og fræðslu og það er verið að taka til og þrifa og þess háttar,“ segir Gunnvör.

Hún segir flesta foreldra taka vel í verkfallið en að það skapi vandræði hjá mörgum. „Það eru ekki allir sem hafa afa eða ömmur eða álíka bakland til að passa,“ tekur Gunnvör fram og segir starfsmenn bíða í ofvæni eftir næsta fundi, hvenær sem hann verði.

Bergrós náði glæsilegum árangri á Wodapalooza

Ísland átti fjóra keppendur í liðakeppni Wodapalooza CrossFit stórmótsins sem fór fram í Miami sl. helgi. Goðsagnirnar Annie Mist, Katrín Tanja og Sara Sigmundsdóttir kepptu saman í fyrsta sinn í liðakeppni. Bergrós Björnsdóttir aðeins 17 ára gömul frá Selfossi var einnig á meðal keppenda. Hún var að keppa í fyrsta sinn í liðakeppni en hún hefur keppt þrisvar sinnum á heimsleikunum í CrossFit unglinga og nokkrum öðrum stórmótum erlendis.

Með Bergrós í liði voru hennar helstu keppinautar af

heimsleikunum síðustu ára, hin bandaríska Reese Littlewood og Írinn Lucy McGonigle. Saman mynduðu þær liðið *LittleMcDottir Coming In Hotter*. Alls var keppt í sex greinum og náðu þær tvisvar inn á topp fimm í keppninni og urðu í öðru sæti í einni greininni. Þrátt fyrir að vera langyngstar náðu þær í tólfta sætið á mótinu og voru fimm sætum ofar en lið íslensku goðsagnanna. Samtals voru 40 lið skráð í keppnina en aldrei hefur keppnin verið eins sterk og í ár þar sem að mjög margir af bestu CrossFitturum í heimi voru á meðal keppenda.



Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki 2024

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Framúrskarandi
fyrirtæki 2019

Árvirkinn

Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Við prentum ljósmyndir í öllum algengustu stærðunum.



SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER

DÖRRABLÓT FRAMSKRÁNFÉLAGS ÁRBORGAR

Laugardaginn 15. febrúar 2025

Blótið verður haldið að Eyravegi 15. 2. hæð

Húsið opnar kl 19:00

Miðafjöldi takmarkaður, fyrstir koma fyrstir fá.

Veislustjóri kvöldsins verður
ÍRIS HAUKSDÓTTIR

Miðaverð er 8500,- kr.

Innifalið er þorramatur og drykkir
(1 bjór og 1 brennivínssnafs) - Einnig má hver
og einn koma með sína drykki

MADUR ER MANNS GAMAN

Skráning í síma 822-3345 (Valgeir Ómar)
Skráning verður staðfest við greiðslu á miða
Reikningsnúmer 0325-26-002424
Kennitala 451094-2899



Matvælastofnun veitir Thor landeldi ehf. rekstrarleyfi

Matvælastofnun hefur veitt Thor landeldi ehf. rekstrarleyfi til fiskeldis á landi vestan Þorlákshafnar. Um er að ræða nýtt rekstrarleyfi fyrir 13.150 tonna hámarkslífmassa vegna seiða- og matfiskeldis á laxi, bleikju og regnbogasilungi.

Thor landeldi ehf. sótti um nýtt rekstrarleyfi fyrir 13.150 tonna hámarkslífmassa matfiskeldi á laxi, bleikju og regnbogasilungi í Þorlákshöfn. Umsókn um nýtt rekstrarleyfi var móttekin þann 2. mars 2023. Starfsemin er einnig háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

Heimilt er að kæra ákvörðun Matvælastofnunar um útgáfu rekstrarleyfisins til úrskurðar-

nefndar umhverfis- og auðlinda- mála og er kærufrestur einn mánuður frá birtingu þessarar

auglýsingar sem kom inn 29. janúar.



Mynd tekin við fyrstu skóflustungu Thor landeldis.

Ölfus samþykkir samstarf við Carbfix, Coda Terminal og Veitur

Sveitarfélagið Ölfus hefur, ásamt Hafnarsjóði Þorlákshafnar, Carbfix hf., Coda Terminal hf. og Veitum ohf., samþykkt viljayfirlýsingu um samstarf varðandi markvissa könnun á forsendum uppbyggingar og reksturs athafnasvæðis til móttöku, niðurdælingar og bindingar CO₂ í Þorlákshöfn.

Greint er frá þessu á heimasíðu Sveitarfélagsins Ölfuss.

Með þessu samstarfi er stefnt að því að kanna hvort hagsmunir

samfélagsins í Ölfusi fari saman með áætlunum Carbfix, Coda Terminal og Veitna um að þróa og innleiða nýja og umhverfisvæna lausn fyrir varanlega kolefnisbindingu með Carbfix-tækni, sem byggir á niðurdælingu koldíoxíðs í basaltbergglög þar sem það steingerist og verður hluti af jarðskorpunni. Coda-stöðin mun taka á móti CO₂ frá innlendum og alþjóðlegum aðilum og stuðla að sjálfbærri atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu.

Verkefnið er þegar nokkuð vel kynnt í samfélaginu í Ölfusi enda hefur sambærileg starfsemi átt sér stað á Helliheiði í Ölfusi síðan 2012 án vandkvæða.

Áhrif og ávinningur fyrir samfélagið

Með uppbyggingu Coda-stöðvarinnar í Ölfusi kunna að skapast fjölbreytt atvinnutækifæri, auknar tekjur fyrir sveitarfélagið og aukin nýting hafnaraðstöðu í Þorlákshöfn. Stefnt er að því að tryggja að verkefnið samræmist stefnu sveitarfélagsins um sjálfbæran vöxt græna hagkerfisins og stuðla að nýsköpun á sviði loftslagsmála.

Aðilar viljayfirlýsingarinnar munu á næstu mánuðum vinna að stefnumörkun, leyfisferlum og samskiptum við íbúa og hagaðila. Sérstök áhersla verður lögð á gagnsæi og samráð við samfélagið og verða reglulegar kynningar haldnar um framgang verkefnisins.



Sóknaráætlunarsamningar landshlutanna undirritaðir

Sóknaráætlunarsamningar við átta landshlutasamtök sveitarfélaga til fimm ára voru undirritaðir 28. janúar sl. Eyjólfur Ármannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Logi Einarsson, menningar, nýsköpunar- og háskólaráðherra, Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og fulltrúar landhlutasamtakanna undirrituðu samningana í Norræna húsinu. Það er samdóma álit þeirra sem koma að sóknaráætlunum að þær hafi sannað gildi sitt fyrir byggðir landsins en verkefnið byggir á tólf ára sögu.

Framlög ríkisins til samninganna árið 2025 nema samtals 865,7 milljónum króna og framlög sveitarfélaga samtals 93,9 milljónum króna. All nema

heildarframlög ríkis og sveitarfélaga til sóknaráætlana því um 960 milljónum kr.

Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi áætlanir sem fela í sér stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, mark-

mið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Markmiðið er að ráðstöfun fjármuna sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði samfélags-, umhverfis- og byggðamála byggja á áherslum heimafólks.



fv. Eyjólfur Ármannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Anton Kári Halldórsson formaður SASS, Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og Logi Einarsson menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra.

HUGLIND SÁLFRÆÐISTOFA SELFOSSI

Kristín Linda Jónsdóttir sálfræðingur hefur opnað sálfræðistofu í Fjölheimum á Selfossi.

Sálfræðimeðferð, ráðgjöf, bjargráð og handleiðsla fyrir fullorðna.

Fagleg hjálp varðandi sálrænan heilsuvanda svo sem kvíða, depurð, þunglyndi, áföll, álag, missi og sorg.

Sálfræðileg ráðgjöf

og handleiðsla

í kerfjandi stöðu,

á vinnustað, í fjölskyldu

eða við aðrar aðstæður.

Hjálp í gegnum breytingar

og erfið lífstímabil, lausnir

og bjargráð í samskiptum. Uppbygging,

endurhæfing og leiðsögn til að ná betri heilsu og

líðan eftir heilsubrest, höfnun, veikindi, skilnað,

atvinnumissi og aðra lífsins storma.

Sjálfsátt, ákvarðanir, lífsstíll og stefnumótun

í eigin lífi.



Kristín Linda

www.huglind.is

kristinlinda@huglind.is

KRISTÍN LINDA – HUGLIND – FJÖLHEIMUM SELFOSSI

Þrjár nýjar sýningar í Listasafni Árnesinga

Þrjár nýjar sýningar opna í Listasafni Árnesinga laugardaginn 8. febrúar klukkan 15:00.

Léttar veitingar verða í boði Matkráarinnar í Hveragerði sem er einn styrktaraðili sýninga safnsins og einnig mun indverska sendiráðið bjóða upp á indverskt góðgæti.

Listamenn sækja sér innblástur með því að dvelja í listamannadvöl út um allan heim.

Í sal 1, 2 og 3 verður sýningin Meðal guða og manna: Íslenskir listamenn í Varanasi

Listamenn eru Einar Falur Ingólfsson, Eygló Harðardóttir, Guðjón Ketilsson, Margrét H. Blöndal, Sigurður Árni Sigurðsson, Sólveig Aðalsteinsdóttir. Sýningarstjóri er Pari Stave.

Á sýningunni Meðal guða og manna gefst innsýn í reynslu sex mótaðra og margreyndra íslenskra listamanna en verkin sem

eru sýnd urðu til í tengslum við dvöl þeirra nýverið í gestavinnustofum Kriti Gallery og Anandvan Residency í Varanasi á Indlandi, sannkallaður griðastaður í sögufrægri borg með einhverja lengstu samfelldu búsetu manna. Varanasi (sem einnig er þekkt sem Banaras), er andleg miðstöð sem meðal hindúa er þekkt sem „bústaður guðanna“, með ótölulegum fjölda hofa og altara sem helguð eru ákafri tilbeiðslu. Var-

anasi er borg öfga og fjölskrúðs mannlífs en jafnframt alvöru-gefinnar sorgar við líkbrennslurnar á tröppunum við hið helga Gangesfljót. Íslensku listamennirnir sem héldu til Varanasi fetuðu í fótspor fjölmargra annarra listamanna sem hafa farið þangað í leit að áhrifum og upplifunum. Samt var tilgangurinn ekki að myndskreyta eða túlka það sem þau rákust á; þess í stað var ætlunin að leyfa því áreiti á skynfærin, sem óneitanlega á sér stað í ferð til Indlands, flæða um taugakerfið og heilann, og sjá hvaða áhrif það myndi hafa á sköpunarverk þeirra.

Í sal 4 er sýningin BÆR

Á listasýningunni BÆR gefur að líta verk alþjóðlegra listamanna sem komu saman árið 2022 í vinnustaðadvöl á Listasetrinu Bæ á Höfðaströnd í Skagafirði. Listamennirnir eru þau Barbara Ellmann, Jóna Þorvaldsdóttir,

Mike Vos, Katia Klose, Debbie Westergaard Tuepah og Markus Baenziger. Sýningin er eins konar áframhaldandi könnun á þessari upprunalegu vinnustaðadvöl þeirra frá árinu 2022, þar sem varanleg tengsl og ný áhrif mynduðust í verkum hvers og eins listamanns.

Hvað tengir saman sex ólíka listamenn, af ólíkum uppruna, sem koma saman í vinnustaðadvöl í sveit í Skagafirði? Það er augljóst að íslenska náttúran hafði mikil áhrif á þau. Hvernig getur þessi reynsla endurómað í listferli þeirra þegar þau snúa aftur í hversdagsleika sinn?

Sýningarstjóri er Daría Sól Andrews.

Í vídeóhorni safnsins er einnig að finna vídeóverk eftir 11 indverska listamenn.

Sýningarstjórar eru Bharati Kapadia og Anuj Daga.



Skortur á lesefni fyrir fólk af erlendum uppruna

Bókin Leitin að orðum eftir Kristínu Guðmundsdóttur er komin út. Hún er ætluð fyrir fólk af erlendum uppruna sem er búið með grunninn í íslensku eða er á síðustu stigum íslenskukennslunnar, kennara sem vilja efla orðaforða íslenskra barna og unglinga og þau sem vilja rifja upp íslenskuna.

Þetta er sjötta bók Kristínar fyrir fólk af erlendum uppruna. Þær bækur sem hún hefur gefið út eru: Nýjar slóðir 2020, Óvænt ferðalag 2021, Leiðin að nýjum heimi 2022, Birtir af degi 2023 og Tólf lyklar 2024.

Ástæða þess að hún fór að

gefa þessar bækur út að eigin frumkvæði var að vinkona hennar sem kom til landsins árið 1995 sagði að það væri skortur á góðu lestrarefni fyrir fólk af erlendum uppruna. Hún er myndlistamaður að mennt og segist hafa lært meira í tungumálinu við lestur bókanna.

Með ábendingum frá henni eru erfið orð, spakmæli og orðasambönd útskýrð með tilvísunum auk þess sem ein handteiknuð mynd fylgir hverri sögu og styður við tilvísanirnar. Bókin inniheldur 12 stuttar og skemmtilegar skáldsögur af ýmsu tagi.



220 HSK met í frjálsíþróttum sett á síðasta ári

Líkt og undanfarin ár hafa í metaskrár HSK í frjálsíþróttum verið uppfærðar í öllum flokkum frá 11 ára aldri, bæði innan- og utanhúss.

220 HSK-met voru sett á síðasta ári, 83 met voru sett innanhúss og 137 utanhúss. Metin voru óvenjumörg og talsvert fleiri en undanfarin ár, en t.a.m. voru 157 HSK-met sett árið 2023.

Keppendur 11 – 22 ára settu 96 met, keppendur í karla- og kvennaflokkum settu fjögur met, keppendur í flokkum 30 ára og eldri settu 115 met og keppendur í fjölnarflokkum settu fimm met. 40 þessara meta eru einnig landsmet í viðkomandi flokki.

Bryndís Embla Einarsdóttir, Umf. Selfoss, keppandi í 15 ára flokki, setti flest met í yngri aldursflokkum og upp í fullorðinsflokk, en hún setti 30 HSK-met á árinu í fjórum flokkum og voru níu þeirra jafnframt Íslandsmet. Helga Fjöla Erlendsdóttir úr

Garpi, einnig keppandi í 15 ára flokki, setti 21 HSK-met í fimm aldursflokkum og eitt þeirra var landsmet. Næst kom svo Andri Már Óskarsson, 11 ára keppandi úr Umf. Selfoss, en hann setti samtals 14 HSK-met í fjórum aldursflokkum og systir hans Anna Metta Óskarsdóttir, keppandi Selfoss í 14 ára flokki, kom þar á eftir með átta HSK-met í fjórum flokkum. Bæði settu þau eitt landsmet á liðnu ári. Í flokkum fatlaðra setti Sigurjón Ægir Ólafsson úr Suðra fimm HSK-met.

Í aldursflokkum 30 ára og eldri setti Ólafur Guðmundsson Selfossi samtals 53 HSK-met á

árinu. Fyrri hluta árs var það í flokki 50–54 ára, síðan í flokki 55–59 ára, en í eldri aldursflokkum gildir afmælisdagur keppenda. Árný Heiðarsdóttir sem lengst af hefur keppt fyrir Óðin í Vestmannaeyjum, en gekk til liðs við Selfoss á árinu, setti 26 HSK-met í flokki 65 – 69 ára. Fjórtaán þessara meta voru einnig landsmet. Ágústa Tryggvadóttir Selfossi kom næst með 12 HSK-met í flokki 40 – 44 ára og sjö þeirra voru einnig landsmet.

HSK-metaskrár, þar sem einnig má sjá yfirlit allra HSK-meta sem sett voru á síðasta ári, má nálgast á vef HSK, www.hsk.is.



Aðalfundur Sleipnis 2024



SLEIPNIR
— stofnað 1929 —

Áður auglýstur Aðalfundur Hestamannafélagsins Sleipnis og Sleipnishallarinnar ehf, sem auglýstur var á heimasíðu félagsins og vera átti 4. febrúar, hefur verið færður til og verður haldinn þriðjudaginn 11. febrúar n.k. kl 20.00 í Hliðskjálfi, Suðurtröð 6, Selfossi.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál.

Kveðja, stjórnin

Aðalsafnaðarfundur Selfosssóknar 2025



Aðalsafnaðarfundur Selfosssóknar verður haldinn í safnaðarheimili Selfosskirkju miðvikudaginn 19. feb. kl. 20:00.

Dagskrá aðalsafnaðarfundar:

Málefni sóknarinnar verða þar rædd, starfsskil og reikningsskil sóknarnefndar sem og verkefni og starf næsta starfsárs.

Dagskrá fundarins er með þessum hætti (sbr. Starfsreglur um sóknarnefndir www2.kirkjan.is/node/11364):

1. Gerð grein fyrir starfsemi og rekstri sóknarinnar á liðnu starfsári.
2. Afgreiðsla reikninga sóknar og kirkjugarðs fyrir sl. ár, ásamt fjárhagsáætlun næsta árs.
3. Greint frá starfsemi héraðsnefndar og héraðsfundi.
4. Ákvörðun um meiriháttar framkvæmdir og framtíðarskuldbindingar.
5. Kosning sóknarnefndarmanna og jafn margra varamanna til fjagra ára.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna eða endurskoðanda sóknar og kirkjugarðs og varamanna þeirra til árs í senn.
7. Önnur mál.

Sjá nánar www.selfosskirkja.is

SPENNANDI STARF Í VERSLUN LÍFLANDS Á HVOLSVELLI



Lífland óskar eftir starfsmanni með meirapróf í verslun Líflands á Hvolsvelli.

Vinnutími er frá kl. 8-17 alla virka daga og frá kl. 10-14 annan hvern laugardag.
Starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Starfssvið

- Ráðgjöf og sala til viðskiptavina
- Útkeyrsla á vörum til viðskiptavina
- Framstillingar í verslun
- Almenn verslunarstörf

Hæfniskröfur

- Meirapróf (C)
- Reynsla af sölumennsku/verslunarstörfum
- Pekking á íslenskum landbúnaði og hestamennsku er kostur
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Lyftararéttindi eru kostur
- Góð almenn tölvuþekking

Nánari upplýsingar um starfið veitir Örvar verslunarstjóri í síma 487-8888 eða í versluninni, Ormsvelli 5.

Áhugasamir eru beðnir um að senda umsókn og ferilskrá á atvinna@lifland.is

LÍFLAND

Reykjavík
Lynghóls 3

Akureyri
Grimseyjargata 2

Borgarnes
Digranesgata 6

Blönduós
Efstabraut 1

Hvolsvöllur
Ormsvöllur 5

Selfoss
Austurvegur 69

Breyting á gjaldskrá fyrir byggingarétt í Árborg er grímulaus hagsmunagæsla meirihlutans

Á bæjarstjórnarfundum sem haldinn var þann 18. desember 2024 var samþykkt af meirihluta Sjálfstæðismanna í bæjarstjórn að veita 30% afslátt af byggingaréttargjöldum á svæði 1 á Selfossi til um tveggja ára fram til 31.12.2026. Lækkunin hefur í för með sér að byggingaréttargjald fer úr kr. 50.000 m2 niður í 35.000 m2. Af hverjum 1.000 m2 sem byggðir verða á komandi árum nemur afslátturinn 15 mkr.

Svæði 1 nær yfir stærstan hluta af Selfossi en skilgreiningu byggingarréttar er deilt niður á 3 svæði innan sveitarfélagsins. Til einföldunar er miðsvæði Selfoss svæði 1; jaðar Selfoss er svæði 2 og Eyrarbakki og Stokkseyri svæði 3.

Byggingarréttargjald sem var í gildi var samþykkt í júní 2023 og er því tæplega 1,5 ár liðið frá samþykkt. Framkvæmdaaðilar hafa því verið að greiða þessi byggingarréttargjöld í örskamm-an tíma. Til viðbótar við lækkun byggingarréttargjalds á svæði 1 þá er lagt til að bílajakjallarar verði alfarið undanþegnir byggingarréttargjaldi.

Nú er svo komið að þessum breytingum hefur verið komið í

gegn og gagnast þetta best þeim sem nú þegar eiga, eða hafa til umráða, lóðir á svæði 1. Hér er verið að falla frá skattlagningu sem hugsuð var til að standa undir uppbyggingu á innviðum, s.s. skólum, leikskólum og almennt þjónustu við borgarana. Rétt er að halda til haga að uppbygging á bílastæðakjöllurum er gæði sem gagnast vel þeim sem eiga húsnæði í slíkum húsum. Við sölu á íbúðum sem innihalda bílastæðakjallara þurfa kaupendur vissulega að greiða fullt verð fyrir pláss í bílastæðakjallara til verktakans sem byggði húsið. Hagnaðurinn af byggingu bílastæðahússins rennur því má segja að fullu til verktaka en sveitarfélagið hefur látið skattheimtu fram hjá sér fara. Hér má einnig benda á mismuninn á milli þeirra sem byggja bílskúra og greiða af því fullt byggingaréttargjald en ef það er bílajakjallari þá er skattheimtan látin niður falla. Notkunin er svipuð, að hýsa bifreiðar, en skattheimtan misjöfn.

Hér er meirihluti að ganga grímulaust erinda lóðareigenda og það á sama tíma sem Sjálfstæðismenn hafa verið að innheimta viðbótarútsvar af íbúum.

Arnar Freyr Ólafsson,

bæjarfulltrúi Framsóknar í Árborg.



Er von að íbúar spyrji sig hvers konar forgangsroðun er hér á ferðinni? Ég læt fyrrv. forseta vor, hr. Ólaf Ragnar Grímsson, botna ábendingu mína en ég rakst nýverið á hugleiðingar hans í bókinni Rætur. Á æskulóðum minninga og mótunar sem gefin var út árið 2021. Þar segir á bls. 125 „Sigurður Magnússon byggði blokkina á Hagamelnum og stofnaði Melabúðina. Hann var innanbúðar hjá Sjálfstæðisflokknum og hafði fengið lóðina og byggingaleyfi hjá borginni. Á þessum tíma voru það mikil forréttindi; í raun ávísun á verulegan arð. Hann seldi íbúðirnar og nýtti hagnaðinn til að koma upp versluninni. Slík skipan var þá algeng í lóðamálum borgarinnar. Meirihlutinn sá um sína. Flokkurinn stjórnaði Reykjavík og pólitískar úthlutanir voru alsíða. Kannski borguðu menn hluta ágóðans í kosningasjóðinn.“

Túlki hver sem hann vill.



Sunnlenski
matgæðingurinn



Lygilega einfalt risarækju-tagliatelle

Steinar Sigurjónsson er matgæðingur vikunnar.



Ég vil byrja á að þakka Tor vini mínum fyrir áskorunina. Það er gaman að bjóða Tor í mat því hann tekur alltaf hraustlega til matar síns, þrátt fyrir að það sjáist ekki á honum.

Ég ætla að deila með ykkur uppskrift að lygilega einföldu risarækju-tagliatelle. Ég er mjög hrifinn af einföldum réttum sem innihalda fá hráefni og tekur ekki langan tíma að elda, en bragðast samt vel. Rétturinn hentar vel við öll tilefni, hvort sem maður er að halda matarboð eða vantar eitthvað einfalt til að henda í á þriðjudagskvöldi. Þá er hann einnig mjög útileguvænn og sniðugt að grípa til hans á ferðalögum sumarsins þegar allir eru komnir með ógeð af grilluðum kótilettum og pylsum.

Uppskriftin miðast við máltíð fyrir 3-4 vini, en það er auðvelt að stækka eða minnka hana eftir þörfum.

- 400 gr ferskt tagliatelle (eða 500 g þurr tagliatelle)
- 500 gr frosnar risarækjur
- 1-2 dollur af Allioli – gott að byrja á einni og bæta svo við eftir smekk (ég nota þetta í gulu dollunum)
- 1 sítróna
- 150 gr fersk steinselja
- Rifinn parmesan ostur eftir smekk
- Chilli-flögur – má sleppa

Marinering fyrir rækjurnar

- 4 hvítlauksrif
- 1/2 sítrónusafi og börkur
- 1 tsk paprikukrydd
- 1/2 tsk cumin
- 1/2 tsk hvítlauksduft
- 1/4 tsk salt
- 1/4 tsk pipar
- 1/8 tsk cayenne pipar
- 1 msk ólífú olía

Ég skora á vin minn og nærsveitung, Ingva Rafn Óskarsson á Spóastöðum að koma með næstu uppskrift, helst eitthvað beint frá býli. Hann hefur verið að prófa sig áfram með einfalda rétti fyrir stór heimili og dundað sér við að taka upp kennslumyndbönd fyrir byrjendur í eldhúsinu, þannig að við ættum ekki að verða svikin af uppskrift frá honum.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 956 0673, hronn@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Gerir oft við gemsann frú,
garðinn þarf að byggja.
Græna tuggu geymir sú,
gert við báta, ráddu nú. (JPH)

Svar við gátu í blaði 2787: VASI
2. (V)asi
4. Kortavasi



DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Sterkara samfélag: Framfarir í velferðarþjónustu Hveragerðis

Á undanfögnu ári hefur verið unnið ótulllega að framþróun í velferðarþjónustu Hveragerðisbæjar. Starfið ein-kennist af metnaði, samstöðu og þverfaglegri nálgun þar sem fjölbreytt teymi fagfólks vinnur saman að því að bæta þjónustu við íbúa bæjarins á öllum aldri.

Betri þjónusta fyrir eldri borgara

Sérstakt markmið hefur verið að efla þjónustu við eldri borgara. Með mögulegri tilkomu verk-efnisins Gott að eldast á nýju ári er stefnt að samþættingu heima-hjúkrunar og stuðningsþjónustu undir einni heildstæðri þjónustu-einingu við hjúkrunarheimilið Ás. Þessi nálgun lofar góðu og mun skila betri þjónustu og auknu öryggi fyrir eldri borgara.

Á sama tíma hafa aksturs-reglur fyrir eldri borgara verið uppfærðar og stefnumótun í málefnum þeirra hefur verið styrkt með öflugra öldungaráði. Verkefnið Bjartur lífstíll vinnur að því að kortleggja heilsuefl-andi úrræði og tómstundastarf fyrir fólk 60 ára og eldri, sem stuðlar að betri lífsgæðum og virkni.

Stuðningsþjónusta fyrir alla aldurshópa

Stuðningsþjónustan í Hvera-gerði er mikilvægur þáttur í vel-ferðarkerfinu og hefur það að markmiði að styðja fólk með fjölbreyttar þarfir. Hvort sem um er að ræða veikindi, fötlun, fjölskylduadstæður eða aldur, þá er þjónustan ætluð þeim sem vilja búa heima eins lengi og mögulegt er. Með verkefni-

inu Gott að eldast verður þessi þjónusta endurskipulögð og bætt enn frekar.

Félagsráðgjöf og mannúð í fyrirrúmi

Félagsráðgjöf í Hveragerði hefur tekið stakkaskiptum með upp-færðum reglum og skilvirkari vinnubrögðum. Félagsráðgjafar veita aðstoð og stuðning við fjölbreytt úrlausnarefni eins og atvinnuleysi, húsnaðisvanda, fjárhagsörðugleika og fjölskyld-umál. Rafrænar umsóknir um fjárhagsaðstoð eru einnig stórt skref í átt að skilvirkari þjónustu.

Barnavernd – velferð barna í forgrunni

Barnaverndarþjónustan hefur sýnt styrk sinn í krefjandi að-stæðum. Með auknum mannafla og innleiðingu nýs rafræns þjónustukerfis hefur yfirsýn og meðferð mála batnað til muna. Farsældarlögin hafa einnig lagt grunn að betri samhæfingu þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.

Bætt þjónusta við fatlað fólk

Í málefnum fatlaðs fólks hefur sömuleiðis orðið veruleg fram-þróun. Reglur um akstur hafa verið uppfærðar, notendaráð stofnað og áhersla lögð á mark-vissa skráningu og eftirfylgni með málum. Innleiðing gagn-virkra kerfa eins og CareOn mun veita betri yfirsýn og tryggja betri þjónustu. Umsóknir um þjónustu eru nú aðgengilegar á íbúagátt, sem eykur skilvirkni og gagnsæi.

Stefnumál Okkar Hvera-gerðis verða að veruleika



Framfarimar sem hafa átt sér stað í velferðarþjónustu Hveragerðis eru ekki tilviljun. Þær eru af-rakstur skýrrar stefnumótunar og forgangsröðunar í málefnum sem skipta mestu máli. Samningur meirihluta bæjarstjórnar Hvera-gerðisbæjar endurspeglar vel áherslur Okkar að efla þennan mikilvæga málaflokk og tryggja að þjónustan væri í takt við þarfir íbúa bæjarins og að bærinn væri að veita lögbundna þjónustu, þar sem velferð, virðing og mannúð væru í fyrirrúmi. Nú er það loks-ins orðið að veruleika.

Hveragerði í blóma

Með skýrri sýn og öflugri for-ystu hefur Okkar Hveragerði sýnt að það er hægt að breyta orðum í athafnir og stefnumálum í raunverulegar lausnir sem bæta lífsgæði allra íbúa.

Með áframhaldandi fram-þróun er björt framtíð fram undan fyrir alla íbúa bæjarins. Saman byggjum við sterkara samfélag!

Sandra Sigurðardóttir,
Bæjarfulltrúi og formaður
Velferðar- og fræðslunefndar
Hveragerðisbæjar,
Oddviti Okkar Hveragerðis.

Auglýsing um skipulag



Eftirtaldar deiliskipulagstillögur voru samþykktar í bæjarstjórn Ölfuss þann 12. desember 2024 og 30. janúar 2025. Tillögurnar hafðu áður verið samþykktar til auglýsingar í skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss.

Raufarhólshellir deiliskipulagsbreyting

Lögð er fram deiliskipulagsbreyting fyrir Raufarhólshelli. Í deiliskipulagsbreytingunni felst að byggingarreitur stækkar til norðausturs og heimilað byggingamagn eykst um 250 m² úr 200 m² í 450 m².

Hámarkshæð húss eykst einnig úr 3 metrum í 6 metra yfir jarðvegisfirborði og skilmálar fyrir þjónustuhús eru uppfærðir.

Laxabraut 5 Fiskeldi deiliskipulagslýsing

Sett er fram skipulagslýsing fyrir deiliskipulag fiskeldis á Laxabraut 5 í Þorlákshöfn, (L172017). Á lóðinni er rekin fisk-eldisstöð. Hugmyndir eru um stækkun starfseminnar og meiri framleiðslu.

Sogn nýtt deiliskipulag

Lagt er fram nýtt deiliskipulag fyrir Sogn. Áætlað er að bæta við nokkrum fangarýmum í nánustu framtíð og auka vinnu- og afþreyingarmiðstöð fanga og gerir tillagan ráð fyrir nokkrum nýjum byggingarreitum fyrir þá uppbyggingu.

Surtsteigur nýtt deiliskipulag

Lagt er fram deiliskipulag fyrir lóðina Surtsteig í Ölfusi sem er 10,9 ha. Til stendur að reisa íbúðarhús og skemmu á lóðinni í samræmi við skilmála aðalskipulags.

Miðsvæði M2 í Þorlákshöfn – breyting á aðalskipulagi

Lögð er fram skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipu-lagsreit M2 við Óseyrarbraut. Breytingin felur í sér aukningu á hámarks íbúafjölda í ljósi þess að til stendur að reisa þar allt að 5 hæða fjölbýlishús. Í dag er gert ráð fyrir allt að 60 íbúðum á þessu svæði en með breytingunni er gert ráð fyrir að há-markið yrði allt að 155 íbúðir.

Tillögurnar verða til kynningar á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafn-arbergi 1, Þorlákshöfn til 20. mars 2025. Hægt er að senda ábendingar, athugasemdir eða fyrirspurnir um málin á net-fangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 20. mars 2025.

Eftirfarandi óverulegar aðalskipulagsbreytingar eru auglýstar skv. 2. mgr. 36. gr. laga nr. 123/2010

Akurgerði - óveruleg breyting aðalskipulags

Auglýst er óveruleg breyting aðalskipulags vegna landsins Akurgerði. Breytingin felur í sér að landnotkun verði breytt úr frístundabyggð í landbúnaðarland.

Skipulagsbreytingin var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Ölf-uss sem haldinn var þann 26.9.2024

Hótel í hafnarvík - óveruleg breyting aðalskipulags

Auglýst er óveruleg breyting á aðalskipulagi Ölfuss er lýtur að hóteli í Hafnarvík á skipulagsreit Vp5. Í breytingunni felst að heildarfjöldi gistirýma er aukinn og einnig fjöldi gesta.

Skipulagsbreytingin var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Ölf-uss sem haldinn var þann 28.11.2024

Sigurður Steinar Ásgeirsson

Skrifstofu- og verkefnastjóri
Umhverfis- og framkvæmdasvið



UMSJÓN:
SÆBJÖRG ERLA GUNNARSDÓTTIR
OG IRIS DRÖFN RAFNSDÓTTIR

HVAÐ ER EIGINLEGA ÞÓRISMÓT?

SÆLIR SUNNLENDINGARI!

Þórismót er ein af þeim hefðum sem hefur tekist að viðhalda hér við Menntaskólann að Laugarvatni í fjölmörg ár. Þórismót fór fram 27.-30. jan sl. En hvað er eiginlega Þórismót? Í hverjum mánuði er reynt að halda svokallað bekkjarmót hér við ML, þar sem fyrsti, annar og þriðji bekkur keppa á móti hvoru öðru í einhverri tiltekinni íþrótt. Þórismót er ekki ólíkt bekkjarmóti en eini munurinn er sá að Þórismót stendur yfir alla vikuna og keppa því nemendur í fjórum greinum í staðinn fyrir eina. Að þessu sinni var keppt í fótbolta, sundi, blaki og brennibolta. Nemendur sem ekki voru að keppa mættu að sjálfsögðu til að hvetja bekkinn sinn. Yfir vikuna safna bekkirnir stigum og undir lok vikunnar kemur í ljós hvaða bekkur fær heiðurinn að vera sigurvegari Þórismótsins. Það var annar bekkur sem tók sigurinn af hólmi í ár eftir æsispennandi einvígi við þriðja bekk.

Næstu vikur verða heldur betur ekki rólegar því brátt fer að koma að stjórnarskiptum hér við menntaskólann þar sem ný stjórn nemendafélagsins tekur við af núverandi stjórn.

Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir,
ritnefndarformaður Stjórn Mímis,

Iris Dröfn Rafnsdóttir,
vef- og markaðsformaður Stjórn Mímis.



FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjud. kl. 14-16
Unga fólkið 18 til 45 ára

Miðvikudaga kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudaga kl. 11-14
Upprekjur

Föstudaga kl. 11-14
Opíð hús

Hægt er að panta viðtöl í annan tíma ef þessir tíma henta ekki.

Allir viðburðir auglýstir á Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30. Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

ÞJÓNUSTA



S: 662-1122

Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyrangei 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

FÉLAGSSTÖRF



FEBSEL

SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
6. febrúar kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 6. febrúar kl. 14:45

STARFSEMI FEBSEL
Dagskrá í umsjón stjórnar Febsel

Kaffi 200 kr.
Kaffi og kökur 1500 kr.

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffið næsta laugar-
dag, 8. febrúar, á Eyra-
veginum hjá Framsókn.
Sérstakur gestur verður
Sigurður Ingi Jóhannsson,
formaður Framsóknar.

Kosningabaráttta Vigdísar

Suðurlandskjördæmi vorið 1980

Það var skemmtilegt að fá það verkefni að láta hugann reika til þess tíma þegar ég var kosningastjóri Vigdísar Finn- bogadóttur á Suðurlandi. Það var fjölbreytt og skemmtileg lífsreynsla sem gleymist seint og rifjaðist upp við áhorf þátt- anna um Vigdís á RÚV.

Ævintýrið byrjaði á vordög- um árið 1980 þegar við komum saman nokkrir karlar og ræddum um undirbúning kosninganna og þá frambjóðendur sem höfðu gefið kost á sér. Nokkrir okkar voru hrifnir af Vigdís en í höpn-

um mátti finna flokksbundna Sjálfstæðismenn og Framsókn- armenn sem áttu í innri baráttu en hópurinn ákvað að fylgja Vigdís. Ég varð kosningastjóri meðal annars vegna þess að ég var ekki flokksbundinn og það leysti mörg vandamál.

Fyrsta verkefni okkar var að leysa þessi praktísku atriði eins og að útvega kosningaskrifstofu og fleira. Þá komu til skjalanna hörkuduglegar konur sem létu til sín taka. Húsnæði var boðið fram til kosningaskrifstofu og fljótt varð ljóst að aldrei myndi skorta sjálfbodaliða, kaffimeð- læti, hugmyndir, jákvæðni né annað. Hratt spurðist út hvar kosningaskrifstofan væri og mikið var spjallað þar í allan aðdraganda kosninganna. Mér er minnstætt að karlar voru feimnari að koma og viðurkenna að þeir styddu Vigdís og tóku oft fram að þeir gerðu það ekki en allir voru velkomnir í spjall, sama hvert atkvæðið færi að lokum. Mig langar að nefna atriðið í þáttum Vigdísar þar sem Magga vinkona hennar segir við mann sinn að þau hefðu ekki þurft að kjósa því atkvæði þeirra hefðu núllast út - og hann svarar þannig að maður skilur að þó að hann væri yfirlýstur stuðnings- maður annars frambjóðanda hafi hann samt sem áður kosið Vigdís. Þetta er sama tilfinning og ég hafði í kosningabarátt- unni. Það er einnig gaman að segja frá því að sumir tjáðu sig án orða. Ég man sérstaklega vel eftir bónda sem var ekki Vig- dísarmaður og til að tjá sig um hennar framboð ákvað hann að keyra með skítadreifarann fram hjá eldhúsglugga húsfreyju þar sem við ræddum málin yfir kaffibolla. Mér þótti þetta afar skemmtilegt.

KIRKJA

Hrepphóla kirkja

Kirkjuskóli laugardaginn 8. feb. kl. 11. Söngur, biblíusaga, fón- dur og hressing. Hversdagsmessa mánudagskvöldið 10. feb. kl. 20. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur organista. Prestur er sr. Solveig Lára Guð- mundsdóttir settur héraðsprest- ur og fv. vígslubiskup. Verið öll velkomnir!

Stóra-Núpskirkja

Guðsþjónusta sunnudaginn 9. feb. kl. 11. Félagar úr kirkju- kórnum syngja undir stjórn Þor- bjargar Jóhannsdóttur. Prestur er sr. Solveig Lára Guðmunds- dóttir settur héraðsprestur og fv. vígslubiskup. Verið öll velkomnir!

Skálholtsdómkirkja

Messa í Skálholtsdómkirkju 9. febrúar kl. 11. Prests- og djákna- efni í starfsþjálfun þjóðkirkjunnar taka þátt í messunni. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir, Bergþóra Ragnarsdóttir djákni og Jón Bjarnason dómorganisti þjóna. Kaffistund á eftir - innilega vel- komin!

Stokkseyrarkirkja

Messa sunnudaginn 9. febrúar kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Haukur Arnarr Gísla- son, prestur Guðbjörg Arnar- dóttir.

Selfosskirkja

Kvöldmessa sunnudaginn 9. febrúar kl. 20:00. Unglingakórinn syngur og með þeim koma fram hljómsveitin Villingarnir frá Tónlistarskóla Árnesinga, stjórn- andi þeirra er Vignir Ólafsson. Kórinn mun syngja nokkur Disney lög, við heyrum fallega lestra og biðjum saman. Kórstjóri Edit A. Molnár, prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Sunnudagaskólinn verður á sínum stað kl. 11:00, umsjón Sjöfn og leiðtogar. Kyrrðarbæn á þriðjuögum kl. 12:00 og morg- unbæn á miðvikudögum kl. 10:00.

Þorláksskirkja

Messa kl. 11:00 - Altarísganga. Kór Þorlaks- og Hjallasóknar leiðir almennan safnaðarsöng undir stjórn Esterar Ólafsdóttur, organista. Sigríður Munda Jónsdóttir, sóknarprestur þjónar. Verum öll velkomnir.

Grímur Bjarnald.

ið vel og Vigdís fékk allmargar spurningar um menn og mál- efni. Svo ég vísi aftur í þættina, þá kom fram sú flóra spurninga sem rataði í hennar fang. Það var í alla staði mikið og gott sam- band við teymi Vigdísar í bæn- um og hafði það mikið að segja um andann og vinnubrögðin. Það voru skýr skilaboð frá Vig- dís til allra kosningastjóra að ekki undir neinum kringum- stæðum ætti að niða annan fram- bjóðanda niður.

Reynslubankinn stækkaði mikið á þessu tímabili. Að ræða við fólk um alls kyns málefni, ekki bara Vigdís og forsetaemb- ættið, var ómetanlegt og afar skemmtilegt og margt áhugavert kom þar fram. Það er gaman að segja frá því að þegar úrslit kosninganna lágu fyrir komu margir og þökkðu fyrir góða baráttu og tekið var sérstaklega fram að umræður og andinn á kosningaskrifstofu Vigdísar hefði skarað fram úr. Það þótti mér vænt um að heyra.

Ég vil að lokum taka það fram að allt starf í kosninga- baráttunni var unnið í sjálfboda- vinnu. Allt. Þetta var ómetanlegt og ég kann öllum hinar bestu og mestu þakkar. Ég finn ekki nógu sterk orð til að lýsa þakklæti mínu í garð þessa frábæra fólks sem lyfti Grettistaki í þessu stóra verkefni. Þetta var ómetanleg lífsreynsla og þegar Vigdís var orðin forseti bauð hún öllu sínu fólki ásamt og mökum á Bessa- staði og sú heimsókn fór beint í hinn dýrmæta minningarbanka.

Grímur Bjarnald

Berserkir sjöundi bestí klúbburinn á Grappling Industries í London

Berserkir BJJ sendi frá sér fimm keppendur á Grappling Industries í London. Þar er keppt í Brazilian Jiu Jitsu. 1500 manns voru á mótinu og 189 klúbbar.

Hekla Dögg Ásmundsdóttir var skráð í fjóra flokka og endaði með brons í Opna flokknum í NOGI. Hún tók annað sæti eftir tap gegn Örnú í GI. Hekla tók samtals tíu glímur þannig þetta var langur dagur hjá henni og miklar framfarir hjá henni.

Arna Diljá S. Guðmundsdóttir vann báða opnu flokkana sína örugglega í GI og NOGI. Hún var innan við tvær mínútur með andstæðinga sína. Keppendur vantaði í flokkinn hennar þannig hún keppti í opnum flokkum í staðinn.

Þröstur Marel Valsson var einnig skráður í fjóra flokka og tók annað sæti í opnum flokki hvítbelta í GI. Hann tók svo gull í Master í Nogi og GI eftir skemmtilegar viðureignir. Það var virkilega jafnt í báðum

flokkum þar sem þrír höfðu unnið hvorn annan í GI en Þröstur endaði með gullið.

Davíð Óskar Davíðsson keppti í opna flokknum og var sá eini til að skora stig á Ross Nicholls sem vann addc trials 2018 með kimura sweepi en tapaði síðar á stigum. Hann keppti svo í master og sigraði þrjár glímur með armbar og kimura örugglega en tapaði úrslitum á aðeins 2 stigum. Voru það einu stigin sem Davíð fékk skorað á sig í flokknum.

Egill Blöndal hafði engan í fjölbíllátt -104 og ekki heldur í brúnt-svart, þannig hann skráði sig í +104kg brúnt-svart. Hann sigraði alla fimm andstæðingana sína og fékk ekkert stig skorað á sig.

Berserkir BJJ enduðu daginn sem sjöundi bestí klúbburinn af 189.

Yfir heildina virkilega flottur árangur og mjög miklar bætingar hjá hópnum.



Aðalfundur Rauða Krossins í Árnessýslu verður haldinn 27. febrúar kl. 20. að Eyrarvegi 23

Dagskrá fundarins:

- 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- 2. Skýrsla stjórnar um starf deildarinnar á liðnu starfsári.
- 3. Áritaður og skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu.
- 4. Framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár lagðar fram til kynningar.
- 5. Kosning deildarstjórnar.
- 6. Kosning skoðunarmanna og varamanna þeirra.
- 7. Önnur mál.

Kjörgengir í stjórn og atkvæðarétt hafa allir félagar, 18 ára og eldri, sem greiddu félagsgjöld fyrir árslok 2023. Fundurinn er opin öllum félagsmönnum og sjálfboðaliðum með sjálfboðaliðasamning. Kosningar í allar trúnaðarstöður deildarinnar eru leynilegar sbr. 9.tl. 19.gr. laga Rauða krossins á Íslandi.

Stjórnin



Halla Tómasdóttir afhendir styrk Vísinda- og rannsóknarsjóðs

Hátíðarfundur Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands fer fram á sal Fjölbautar-skóla Suðurlands 12. febrúar nk. klukkan 16.

Það verður mikið um dýrðir þegar upplýst verður um styrkhafa Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands en frú Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, mun afhenda styrkinn með formlegum hætti. Að auki mun hún afhenda Menntaverðlaun Suðurlands.

Tónlistarskóli Árnesinga mun bjóða upp á tónlistartriði og fyrri styrkhafi mun kynna niðurstöður rannsókna sinna.

Fundarstjóri verður Soffía Sveinsdóttir skólameistari FSu. Öll eru velkomin á hátíðarfundinn.



MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRI Á SELFOSSI

Eimskip á Suðurlandi leitar að þjónustuliprum og ábyrgum meira-prófsbílstjóra í framtíðarstarf á starfsstöð félagsins á Selfossi. Vinnutími er kl.8-16 á virkum dögum, en möguleiki á yfirvinnu á álagspunktum þegar svo ber undir.

Hjá Eimskip á suðurlandi starfar öflugur og samhentur hópur fólks í fjölbreyttum störfum sem snúa að þjónustu og dreifingu á vörum til viðskiptavina á suðurlandi.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Akstur flutningabíla, lestun og losun
- Samskipti og þjónusta
- Önnur tilfallandi störf



SÆKJA UM HÉR

Fríðindi í starfi:

- Heitur matur í hádeginu, fjölbreytt verkefni og góður starfsandi í samhentum teymi
- Öflugt starfsmannafélag sem m.a. rekur frábær orlofshús um allt land
- Heilsu- og hamingjupakki sem inniheldur samgöngustyrk, styrki fyrir líkamsrækt, sálfræðiþjónustu og fleira

Umsóknarfrestur er til og með 16.febrúar 2025. Nánari upplýsingar veitir Stefán Magnúson, svæðisstjóri, smag@eimskip.com eða í s: 660 2515. Eingöngu er tekið á móti umsóknum í gegnum vefsíðu Eimskip.

www.eimskip.is





Ljósmynd: Teddi Owen.

Lista stærsta skip sem komið hefur til Þorlákshafnar

Stærsta flutningaskip sem komið hefur til Þorlákshafnar lagðist að Suðurvarabryggju 30. janúar sl. Skipið heitir MV Lista en það er 193 metra langt og 26 metra breitt. Mikill fjöldi fólks lagði leið sína í höfnina til að líta skipið augum.

Smyril Line er með skipið á leigu en það kemur í stað Glyv-

urnes sem skemmdist í eldsvoða í byrjun janúar. Lista mun sigla til Þorlákshafnar þar til ný skip Smyril Line verða tilbúin en félagið er að smíða tvö ný skip sem eru af svipaðri stærð.

Lista er 40 metrum lengra en Glyvurnes er sem áður var lengsta skip sem siglt hafði til Þorlákshafnar.



Grunnskólinn í Hveragerði með sjö verðlaun af níu

Grunnskólinn í Hveragerði á sjö vinningshafa í ensku smásagnakeppninni 2024 sem Félag enskukennara á Íslandi (FEKÍ) stendur fyrir.

Keppnin er haldin í tilefni af evrópska tungumáladeginum þann 26. september og taka nemendur í 5. - 10. bekk í Grunnskólanum í Hveragerði þátt á hverju ári. Smásögurnar verða að vera skrifaðar á ensku og tengjast ákveðnu þema sem að þessu sinni var orðið „FAKE“.

„Skemmt er frá því að segja að nemendur á miðstigi hlutu hvorki meira né minna en öll sex verðlaunin sem í boði voru og einn nemandi hlaut verðlaun á elsta stigi. Skólinn á því sjö vinningshafa af níu í

flokki grunnskólanemenda sem er alveg magnað og virkilega gleðilegt,“ segja Genimar Lopez og Ólafur Jósefsson, enskukennarar skólans.

Verðlaunaafhending fer fram mánudaginn 17. febrúar í Veröld – Húsi Vigdísar. Sendiherra Bretlands Dr. Bryony Mathew mun afhenda verðlaunin.

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI
VIÐHALD
BREYTINGAR

S: 692-2575

800 SMÍÐI ehf.

KARL S: 692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

TAXI
SELFOSSI
SÍMI 482 3800

HJÓLA-STÓLABÍLL
SÍMI 777 5422

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

**ALHLIÐA
BYGGINGA-
VERKTAKAR**

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHOUSEH@GMAIL.COM

GB HÚS
SÍMI: 848-0964

BRAC AF
VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

LAGNALAND
LAGNALAND

Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

**NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR**

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyirn.is

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is

**Sprettur
ÁBURÐUR**

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Vítöskiptastjóri
GSM: 840 3009

LAGNIR

**ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

**Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti**

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna

★★★★★
Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is